



## Umsókn um dreifingu ösku utan kirkjugarðs

Umsækjandi leyfis
Nafn
Kennitala
Heimilisfang

Nafn þess látna	
Nafn	
Kennitala	Dánardægur

Heiti / lýsing þess staðar sem sótt er um að dreifa ösku á

<p>Gögn sem geta þurft að fylgja umsókn:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Skrifleg beiðni eða samþykki hins látna.</li><li>• Skrifleg staðfesting nánustu aðstandenda hins látna um að það hafi verið vilji hans að ösku hans yrði dreift (í tilvikum þar sem skrifleg beiðni hins látna er ekki til staðar).</li><li>• Samþykki biskups Íslands og héraðslæknis, í þeim tilvikum sem það á við.</li></ul>
---

<p style="text-align: center;"><b>Skilyrði fyrir leyfisveitingu</b></p> <p style="text-align: center;">3. gr.</p> <p>Þess er krafist að fyrir liggi skrifleg beiðni eða samþykki hins látna fyrir dreifingu öskunnar eða a.m.k. skrifleg staðfesting aðstandenda um að það hafi verið vilji hins látna að ösku hans yrði dreift.</p> <p style="text-align: center;">4. gr.</p> <p>Aðeins er heimilt að dreifa ösku látinna manna yfir haf og óbyggðir. Með þessu er verið að koma í veg fyrir að ösku látinna manna sé dreift yfir byggð, væntanlega byggð eða stöðuvötn.</p> <p style="text-align: center;">5. gr.</p> <p>Ekki er heimilt að setja upp minnisvarða, minningarplötu eða annars konar minnismerki á þeim stað þar sem öskunni er dreift eða annars staðar nálægt þeim stað.</p> <p style="text-align: center;">6. gr.</p> <p>Þegaraska hefur verið afhent úr líkhúsi til dreifingar er óheimilt að geyma hana og ber þeim sem leyfið hefur fengið að dreifa aðeins á þann stað sem samþykktur hefur verið.</p> <p style="text-align: center;">7. gr.</p> <p>Að öskudreifingu lokinni skal duftker tafarlaust skilað til bálstofunar í Reykjavík.</p> <p style="text-align: center;">8. gr.</p> <p>Sé sótt um leyfi til að dreifa ösku einhvers sem nú þegar hvílir í kirkjugarði, skal afla samþykkis biskups Íslands og héraðslæknis, sbr. 46. gr. laga nr. 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, áður en unnt verður að framkvæma öskudreifinguna.</p> <p style="text-align: center;">9. gr.</p> <p>Eftir að dreifing ösku hefur farið fram skal sá sem fengið hefur leyfið, leggja fram skriflega staðfestingu á þar til gerðu eyðublaði sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið leggur til, um að dreifing hafi átt sér stað í samræmi við reglugerð þessa. Skrifleg staðfesting skal berast ráðuneytinu eigi síðar en einu ári eftir að leyfi til dreifingar var veitt.</p>
--